

Bæjarráð Kópavogs
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Kópavogi 20. september 2022

Erindi: Götu- og torgsala

Markaðsstofu Kópavogs hafa borist ábendingar um að hjá Kópavogsbæ séu ekki til opinberar reglur um götu- og torgsölu, sem á við sölustarfsemi á almannafæri, svo sem á torgum, götum, gangstéttum og í almenninggörðum. Undir þessa skilgreiningu falla m.a. færanlegir matarvagnar.

Undir götu- og torgsölu fellur ekki námskeiðshald, kennsla, kynningar, sýningar, viðburðarhald og minniháttar góðgerðasala, hvort sem er í vögnum, bílum, gámum eða undir beru lofti. Viðburðahald, þ.m.t. bæjarhátíðir falla ekki undir götu- og torgsölu.

Markaðsstofan óskar eftir því að vinna við setningu slíkra reglna verði sett af stað og bendir á að hjá Reykjavíkurborg séu vel útfærðar reglur um Götu- og torgsölu, sem gott sé að hafa til hliðsjónar.

Markaðsstofa Kópavogs býður fram sína aðstoð til að slíkum reglum verði komið á í Kópavogi.

Virðingarfyllst,

f.h. Markaðsstofu Kópavogs

Björn Jónsson, framkvæmdastjóri